

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds, úttekt séreignarsparnaðar), 698. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar um ofangreint mál á þingskjali 1177, hinn 15. apríl sl.

I. Greiðsludreifing staðgreiðslu launamanna og tryggingagjalds

Af tveimur tillögum frumvarpsins snýr sú fyrri (1. gr.) sérstaklega að fyrirtækjum, þ.e. um áframhaldandi dreifingu greiðslna á staðgreiðslu launamanna og tryggingagjaldi yfir lengri tíma. Þessu ákvæði frumvarpsins fagnar FA eindregið og tekur undir að það muni auka möguleika lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri á að halda velli þegar efnahagslífið kemst á réttan kjöl.

Í rökstuðningi með þessu ákvæði í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að áframhaldandi óvissa sé í atvinnulífi landsmanna þar sem fyrir liggja að heimsfaraldur kórónuveiru dragist á langinn. Jafnframt kemur fram í greinargerðinni að ljóst sé að mörg fyrirtæki og einstaklingar í atvinnurekstri glími enn við rekstrarerfiðleika vegna faraldursins. Þetta er í fullu samræmi við þær upplýsingar, sem FA fær frá félagsmönnum sínum, sem flestir eru minni eða meðalstór fyrirtæki. Í greinargerðinni er vísað sérstaklega til mikilla áhrifa áframhaldandi óvissu á ferðapjónustuna, þ.m.t. hótél- og flugrekstur. Undir það tekur FA, en bendir á að fyrirtæki sem þjónusta ferða- og veitingageirann með t.d. aðföng og aðkeypta þjónustu búa ekki síður við óvissu og áhrifin ná þannig langt út fyrir ferðapjónustuna. Ætla má að hertar sóttvarnaaðgerðir á landamærunum, sem gilda eiga til 1. júlí, muni áfram hafa mikil áhrif á þessar greinar og tengd fyrirtæki.

Í greinargerðinni segir að talið sé að hagsmunum ríkissjóðs sé betur borgið með frekari greiðsludreifingu. Undir það getur FA einnig tekið; líklegra er að þannig skili umrædd opinber gjöld sér á endanum, í stað þess að fyrirtæki fari í þrot og ríkissjóður verði af tekjum.

II. Framhald fleiri ívilnandi úrræða

Að mati FA á sami rökstuðningur við varðandi önnur ívilnandi úrræði, sem gripið hefur verið til eftir að heimsfaraldurinn hófst til að auðvelda fyrirtækjum að standa skil á opinberum gjöldum og bæta fjárstreymi sitt. FA vill nefna hér tvö slík, sem að mati félagsins er ástæða til að framlengja.

1. Niðurfelling álags á vangreiddan virðisaukaskatt

Í greinargerð frumvarpsins er niðurfelling álags á vangreiddan virðisaukaskatt talin upp á meðal úrræða sem gripið hafi verið til í því skyni að létta undir með rekstraraðilum í kórónuveirufaraldrinum. Sú ívilnun féll hins vegar úr gildi um áramót. Á gjalddögum uppgjörstímabila ársins 2020 var Skattinum heimilt samkvæmt tilmælum eða að höfðu samráði við ráðherra að fella niður álag skv. 27. gr. tímabundið eða ótímabundið, skv. ákvæði til bráðabirgða nr. XXXVII við lög um virðisaukaskatt. Þetta þýddi í reynd allt að mánaðar gjaldfrest á skattinum. Framangreint ákvæði til bráðabirgða var ekki framlengt fyrir árið 2021.

FA hefur sent fjármálaráðuneytinu erindi og rökstutt að vegna áframhaldandi óvissu í hagkerfinu væri rétt að setja þessa heimild á ný í lög til bráðabirgða. Félagið hefur fengið þau svör að erindið sé í skoðun.

2. Tvískipting gjalddaga aðflutningsgjalda

FA hefur ennfremur sent fjármálaráðuneytinu erindi og hvatt til þess að endurvakin verði heimild til tvískiptingar gjalddaga aðflutningsgjalda í tolli, sem gildi meirihluta síðasta árs. Sama skipan hafði verið við lýði með endurteknum bráðabirgðaákvæðum í tollalögum og lögum um virðisaukaskatt á árunum 2008-2016, með vísan til erfiðrar stöðu fyrirtækja eftir bankahrunið.

Ákvæði þessa efnis voru hluti frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (683. mál á 150. löggjafarþingi), sem varð að lögum nr. 25/2020. Um er að ræða bráðabirgðaákvæði XVII við tollalög og bráðabirgðaákvæði XXXV við lög um virðisaukaskatt. Fyrirkomulagið gildi út árið 2020.

Í ljósi þess að ekki sér fyrir endann á heimsfaraldrinum, margvíslegum erfiðleikum fyrirtækja vegna faraldursins og ýmsum aðgerðum stjórnvalda til að koma til móts við fyrirtækin og örva atvinnulífið, fór FA þess á leit við ráðherra að hann beitti sér fyrir því að umrædd heimild yrði framlengd á ný, hið minnsta út árið 2021. Um þetta erindi gildir það sama og hið fyrrnefnda, að ráðuneytið hefur ítrekað sagt að málið sé í skoðun.

FA telur brýnt að endurvekja þessa heimild og telur að færa megi rök fyrir því að festa eigi heimildina varanlega í sessi, enda hefur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins ítrekað gefið út það álit að heimildin hafi hvorki áhrif á tekjur né kostnað ríkissjóðs og að skil gjalda batni jafnvel með þessu fyrirkomulagi.

Fyrir fyrirtækin, sérstaklega þau smærri, skiptir þessi heimild hins vegar miklu máli, óháð tímabundnum erfiðleikum vegna faraldursins. Innflutningsfyrirtæki selja vörur sínar iðulega með greiðslufresti sem er lengri en gjaldfrestur aðflutningsgjalda. Þetta skapar óhagræði og vandkvæði í fjárstreymi, sérstaklega hjá minni fyrirtækjum. Þau selja gjarnan vörur til stærri og sterkari aðila, t.d. stórrar verzlunakeðju eða Landspítalans svo dæmi séu tekin. Vegna aðstöðumunar hafa þau í raun ekki stjórn á þeim greiðslufresti sem þau verða að veita. Heimild til að skipta greiðslunum upp er því til sérstaks hagræðis fyrir minni fyrirtæki.

Í ljósi þeirrar áframhaldandi óvissu í atvinnulífinu, sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins, gerir FA að tillögu sinni að framangreind tvö ákvæði verði endurvakin og bætt við frumvarpið.

III. Að lokum

FA hvetur eindregið til þess að frumvarpið hljóti samþykki, að viðbættum þeim breytingum sem félagið leggur til. Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA